

Fundargerð

8. fundur íþróttá- og tómstundanevndar langanesbyggðar, 27.03.07 í Verinu kl. 17:15.

Mætt voru Sóley Vífilsdóttir, Oddur Skúlason, Árni Davíð Haraldsson, Linda Pehrsson og Víðir Hermannsson.

Dagskrá.

1. Mál. Skipulagning vetrarins.

Vinnuskólinn er ætlaður nemendum í 7 – 9 bekk það eru 17 nemendur. 7 bekkur 6-7 vikur ½ daginn, byrjað 4. júní. 8-9 bekkur allan daginn fram að verslunarmannahelgi. Auglýst verður eftir flokksstjóra. Hugmynd að verkefnum:

- Fegra aðkomuna að bænum.
- Fjölga rusladöllum á ljósastaurum.
- Fjölga bekkjum í þorpínu fyrir fólk að sitja á.

2. Mál. Skólagarðar.

Hugmynd að hafa skólagarða á túninu fyrir neðan Naust þar sem eldri borgarar hefðu aðstöðu einnig. Hugmynd af svæði fyrir kofabyggð þar neðan við á flötinni. Kostnaður u.þ.b. kr. 2.500,- 3.000,- fyrir þátttöku í skólagörðum. Kostnaður fyrir kofabyggð svipaður. Systkinaafsláttur 50%. Stefnt er að því að sett verði niður í byrjun júní, daglega unnið, eftir þörfum í garðinum þess utan. Unnið verður í kofabyggð 2. – 3. í viku eftir hádegi. Efniskostnaði haldið í lágmarki.

- Á Bakkafirði tekur þátt í skólagörðum séra Brynhildur, búin að gefa leyfi fyrir skólagörðum á Skeggjastöðum í. Í 1. – 7. bekk eru 14 krakkar. Vinnuskólanum verður háttað svipað og á Þórshöfn. Hugmynd að því að vinnuskólarnir vinni á báðum stöðum. Kofabyggð á Bakkafirði með svipuðu sniði og á Þórshöfn en ekkert ákveðið með staðsetningu. Auglýst verður eftir starfsmönnum í þessar stöður.

Íþróttá- og tómstundanevnd vill funda með starfsmönnum kofabyggðar og skólagarða varðandi útfærslu á hugmyndum. Leikjanámskeið: Íþróttá- og tómstundanevnd vill hvetja ungmennafélagið til að halda leikjanámskeið fyrir börn á aldrinum 6 – 8 ára.

2. Mál. Eggjahátíð í vinnslu.

3. Mál. Félagsheimilið.

Íþrótta- og tómstundanevnd hvetur /setur sér það markmið að salernin í Þórsveri verði tekin í gegn og húsið málað að utan Við viljum vekja samfélagsandann og fá sjálfboðaliða til að mála húsið einn dag eftir að verkið hefur verið undirbúið.

Eftirfylgni.

- Flugkastskennsla í apríl.
- Íþróttahús: Stubbahús úti, mettur/ hálkuvörn.
- Íþróttadagur fjölskyldunnar í vinnslu.
- Kátir dagar: nefndin fundar stöðugt.
- Rakamál: Græjan komin í gang en illa gengur að fá Rúnar á staðinn til að taka græjuna út.
- Félagsmiðstöðin: Leiklistarklúbburinn er að æfa fyrir árshátíð grunnskólans. Klúbbstarfsemi í öðrum klúbbum í fullum gangi.

4. Mál. Mótorkrossbraut.

Málið hefur verið kannað og ekkert kemur í veg fyrir að hafa brautina á Sóleyjarvöllum annað en það að hún þarf að vera 30 metra frá miðlínu stofnvegar. Víðir hvattur til að senda hreppsnefnd erindi varðandi málið.

Fundi slitið kl. 18:45.

Árni Davíð Haraldsson, ritari.